


Rannsóknastöðin Rif: jólabréf 2016

Rannsóknastöðinni Rif, sem stofnuð var 2014, er ætlað að skapa jarðveg fyrir rannsóknir og þekkingarsköpun á Melrakkaslétu og Raufarhöfn. Slíkt byggir á náttúrufarslegri sérstöðu svæðisins og hvaða áhrif loftslagsbreytingar og aukin umsvif mannsins hafa á vistkerfi norðurslóða. Markmið stöðvarinnar er þrjúþætt:

- að efla og auka náttúrurannsóknir á Melrakkaslétu
- Að safna saman, halda utan um og miðla upplýsingum um náttúrufar á svæðinu
- Að styðja nærsamfélagið

Starfsemi

Fjöldi gesta hefur sótt Rannsóknastöðina heim árið 2016 og eru gistinætur nú komnar yfir 220 samanborið við 17 árið 2015. Til okkar hefur komið fjölbreyttur hópur rannsakenda og vísindamanna sem lagt hafa stund á margskonar verkefni, m.a. tengd fugla- og gróðurannsókn, atferlisfræði, mannvistarlandfræði og örveruvistfræði norðurslóða.



Gistináttafjöldi Rifs frá stofnun Rannsóknastöðvarinnar.

Rif tók þátt í að skipuleggja alþjóðlega ráðstefnu um rannsóknir á sviði ferðamennsku á heimskautasvæðum sem haldin var á Raufarhöfn á vegum [IPTRN](#) (International Polar Tourism Research Network) um mánaðarmótin ágúst-september.



Hópmýnd af þátttakendum í IPTRN-ráðstefnunni við Heimskautasvæðið á Raufarhöfn

Um 50 manns alls staðar að úr heiminum sóttu Raufarhöfn heim í tengslum við ráðstefnuna, auk þess sem heimamönnum var boðið að taka þátt í sérstakri samfélagsvinnustofu þar sem málefni svæðisins tengd ferðamennsku og rannsóknum voru rædd.

Samstarf

Rannsóknastöðin Rif er aðili að [INTERACT](#), öflugum samstarfsneti rannsóknastöðva á norðurslóðum. Rif hefur verið tilnefnd sem ein þriggja stöðva samstarfsins sem byggja mun upp og framkvæma [CBMP-vöktunaráætlunina](#) (Circumpolar Biodiversity Monitoring Program) sem er lykilverkefni [CAFF](#) (Conservation of Arctic Flora and Fauna). Hinar tvær stöðvarnar í verkefninu eru [CHARS](#) í Kanada og [Zackenbergs](#) á Grænlandi. Rif er þó í raun eina stöðin sem mun byggja áætlunina upp frá grunni eftir nákvæmum forskriftum verkefnisins.



Aðildarstöðvar INTERACT (International Network for Terrestrial Research and Monitoring in the Arctic)

Rekstur

Stöðin naut á árinu góðs af tímabundnu framlagi á fjárlögum svo og afar mikilvægum uppbyggingarstyrk frá [Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra](#).

Styrkveiting í gegnum Horizon2020 Evrópuumsókn INTERACT samstarfsins hefur verið staðfest auk þess sem nokkrar tekjur runnu til stöðvarinnar í gegnum afnot af aðstöðu.

Styrkir fengust til að hefja þróun og framkvæmd fræðsluverkefnis í samstarfi við Grunnskólann á Raufarhöfn og fræðslunefnd Norðurlands, bæði frá [Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar](#) og frá [Menningar- og viðurkenningarsjóði KEA](#).

Kynningarmál

Starfsemi stöðvarinnar var sérstaklega kynnt á IPTRN-ráðstefnunni á Raufarhöfn, og á [Arctic Circle](#) ráðstefnunni þar sem Rif tók þátt í málstofu um mikilvægi rannsókna og vöktunar í tengslum við ferskvatn á norðurslóðum. Þá var stöðin, tilgangur hennar og starfsemi, kynnt á [Hrafnabingi](#), sem eru opin fræðsluerindi á vegum [Náttúrufræðistofnunar Íslands](#), auk þess sem gefið var út ýmislegt kynningarefni s.s. bæklingur, fréttabréf o.fl.



Á Hrafnabingi. Jónína framkvæmdastjóri Rifs (t.v.) og Starri Heiðmarsson grasafræðingur hjá Ní og ritari stjórnar Rifs (t.h.) ásamt Eypóri Einarssyni grasafræðingi

Verkefnin framundan

INTERACT mun halda sinn fyrsta fund ársins 2017 í enda janúar og mun hann fara fram á Íslandi. Markar fundurinn formlegt upphaf þeirra verkefna sem lagt verður í í kjölfar þess að samstarfið hlaut stóran styrk í gegnum Horizon 2020 áætlun Evrópusambandsins. Rif mun taka virkan þátt í fundinum enda styrkurinn afar mikilvægur fyrir framgang stöðvarinnar. Í gegnum styrkinn og INTERACT samstarfið munu erlendir vísindamenn fá aukinn aðgang að stöðinni auk þess sem þar fæst fjármagn til að hefja uppbyggingu CBMP-vöktunaráætlunarinnar. Þegar hafa borist umsóknir frá erlendum vísindamönnum sem hyggja á rannsóknir á landi Rifs árið 2017.

Í gegnum CBMP-áætlunina mun Rif öðlast aukin tengsl við málefni norðurslóða í gegnum INTERACT, CAFF og aðra aðila samstarfsins samhliða því að verða mikilvægur vettvangur aukinnar vöktunar og samhæfingar hennar á norðurslóðum.

Eftir áramót verður farið af fullum krafti í þróun fræðsluverkefnis á Raufarhöfn þar sem lögð verður áhersla á samfélagslega þátttöku. Markmiðið er að íbúar svæðisins fræðist um, taki þátt í og leggi sitt af mörkum í þeim rannsóknar- og vöktunarverkefnum sem þegar eru í gangi á Melrakkaslétu. Þannig gefst þeim kostur á að skilja betur markmið og tilgang slíkra verkefna í víðara samhengi.

Rifi hefur verið boðið að taka þátt í skipulagningu Vistfræðiráðustefnunar 2017, sem haldin verður að Hólum í Hjaltadal 28.-29. apríl á vegum Vistfræðifélags Íslands. Mun Rif taka þátt í fagráði ráðstefnunnar sem ber ábyrgð á fræðilegum hluta hennar, þ.m.t. vali á fyrirlesurum, erindum og veggspjöldum.

Þá hafa starfsmenn Háskóla Íslands, Jarðvísindastofnunar og Landgræðslu ríkisins sýnt mikinn áhuga á að þróa frekari samstarfsverkefni.

Framtíðarhorfur

Starfsemi Rifs hefur gengið vonum framár síðasta árið og eru líkur til þess að stöðinni vaxi enn fiskur um hrygg á komandi misserum ef þau verkefni sem nú eru í bígerð ná fram að ganga. Starfsemi stöðvarinnar á sér mikla samsvörun í stefnu og skuldbindingum íslenskra stjórnvalda í loftslags- og norðurslóðamálum, sér í lagi í ljósi þess að Ísland mun gegna formennsku í Norðurskautsráðinu (Arctic Council) 2019-2021. Þá eru jákvæð áhrif stöðvarinnar á byggðarlagið töluverð, en Rif eykur framboð og fjölbreytni atvinnutækifæra auk þess að koma með virðisauka inn í samfélagið í gegnum verslun og þjónustu við þá gesti er hana sækja heim.

Rekstrargrundvöllur stöðvarinnar er þó enn ótryggður. Aðeins hafa fengist tímabundin framlög til að standa straum af rekstrar- og launakostnaði en slíkt er forsenda þess að hægt sé að viðhalda og byggja upp starfsemina svo stöðin geti sem fyrst orðið fjárhagslega sjálfbær.

Við höldum þó bjartsýn inn í nýtt ár enda hefur sannast að mikil eftirspurn og þörf er á aðstöðu sem þessari. Hlökkum til að taka á móti enn fleiri gestum á nýju ári, vera partur af spennandi rannsóknum og vöktun á norðurhvara og halda ótrauð áfram að byggja upp starfsemi og aðstöðu stöðvarinnar.



Einbeittir fuglaskoðarar virða fyrir sér nyrstu súlubyggð (*Morus bassanus*) landsins við Rauðanúp á Melrakkaslétu sumarið 2016